# HVERNIG BORG MÁ BJÓÐA ÞÉR?

Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi
9. september – 2. október 2005

# WHAT KIND OF CITY WOULD YOU LIKE?

Reykjavík Art Museum, Hafnarhús
September 9th – October 2nd 2005



# Hvernig borg má bjóða þér?

Á síðustu árum hefur umræða um skipulagsmál farið vaxandi á Íslandi – Reykjavík hefur oft verið í brennidepli í þeirri umræðu og hefur hverjum sýnst sitt. Nú stendur fyrir dyrum eitt stærsta verkefnið á sviði skipulags sem borgarbúar og raunar allir landsmenn hafa staðið frammi fyrir en það er skipulag svæðisins frá Vatnsmýri að Nauthólsvík. Þetta sama svæði hefur myndlistarmaðurinn Þórður Ben Sveinsson nefnt „örlagareit íslenskrar borgarmenningar"... „síðasti möguleiki höfuðborgarinnar til að gera ný eða breytt viðhorf til borgarmenningar að veruleika með nýrri borg, sem þá tengist þeirri gömlu á hamingjusamlegan hátt."

Ef einhvern tímann hefur verið tækifæri til að skapa höfuðborg nýrrar aldar þá er það nú. Listasafn Reykjavíkur vill leggja sitt af mörkum og hefur tekið höndum saman við skipulagsyfirvöld í Reykjavík um að standa að sýningu á fortíð og framtíð skipulagsmála í borginni. Búinn verður til vettvangur fyrir fagfólk og leikmenn til að skoða skipulag borgarinnar og koma með hugmyndir að nýjum lausnum. Einnig verða þau verkefni sem eru í vinnslu kynnt.

Það er trú þeirra sem að verkefninu standa að samræður fólks skapi borgina á sama hátt og umferðarmannvirki og byggingar, því í raun erum við öll sérfræðingar um hvernig borg við viljum búa í.

Ágústa Kristófersdóttir Sýningarstjóri

# What Kind of City Would You Like?

In the past few years, the discussion around urban planning has been increasing in Iceland –Reykjavik having often been the main focus of that discussion with opinions varying widely. We are now facing one of the largest planning projects that the city, or indeed the country, has ever seen; namely the planning of the area from Vatnsmyri to Nauthólsvík. The artist Thórdur Ben Sveinsson has called this area "the fate of Icelandic urban culture" ... "the last chance for the capital to create new or different views toward realistic urban living, with a new city that happily ties in with the old one."

If there was ever an opportunity to create a capital city for a new millennium, it is now. The Reykjavik Art Museum would like to contribute towards this quest and has been working with the planning authorities in Reykjavik to create an exhibition of past and future city planning. There will be a forum for both laymen and professionals to examine the city plans and to offer ideas and solutions. The exhibition will also present projects currently on the drawing board.

It is our belief that discussion amongst people contributes as much to the making of the city as traffic structures and buildings—because all of us are in fact experts in knowing what kind of city we would like to live in.

Ágústa Kristófersdóttir Curator





# Alþjóðleg hugmynda-samkeppni um heildarskipulag Vatnsmýrar

Sýning í Listasafni Reykjavíkur
9. september – 2. október 2005

Á Reykjavík að státa af heimsins stærsta sundlaugagarði, himnastiga eða síki sem teygir sig frá Tónlistar og ráðstefnuhúsinu við Austurhöfnina, gegnum Tjörnina og til Nauthólsvíkur í suðri? Hvert á að vera tákn borgarinnar á nýrri öld? Hvernig verða samgöngur og skipulag framtíðarinnar? Hvaða sérkenni Reykjavíkur viljum við halda í og þroska? Hvað þykir okkur vænt um? Hvað segja börnin okkar? Yngri kynslóðin?

Reykjavíkurborg efnir til funda, samráðs og sýningar í Listasafni Reykjavíkur nú í september. Þeir viðburðir eru hluti forvinnu fyrir alþjóðlega hugmynda-samkeppni um heildarskipulag Vatnsmýrarinnar. Þetta er tímanna tákn. Þátttaka almennings er orðinn sjálfsagður hluti af mótum borgarinnar í gegnum fjölbreytileg skoðanaskipti um skipulagsmál. Áhuginn til að láta sitt ekki eftir liggja er jafnframt ótvíræður. Til að gera öllum kleift að tjá sig sem áhuga hafa verða á sýningu Listasafns Reykjavíkur farnar fjölbreytilegar leiðir til að kalla fram viðhorf, gildismat og drauma um framtíðarborginaauk þess sem horft verður til sögu Reykjavíkur og þeirra fjölmörgu hugmynda sem aldrei hafa orðið að veruleika. Þannig eiga illskiljanlegir uppdrættir eða kansellístíll ekki að standa neinum fyrir þrifum.

Listasafn Reykjavíkur hefur fléttað saman yfirgripsmikla og áhugaverða sýningu sem örvar, fræðir og hvetur. Við fáum að kynnast borginni frá sjónarhorni fugla. Hlusta á borgar-hljóðin, tónverk hins daglega lífs í nýju umhverfi, spreyta okkur á að skapa nýja tegund af götum og íbúðarhverfum, útlitsta draumasvæðin og helga okkur andrými og útivistarsvæði í framtíðar-byggingarlandi borgarinnar. Borgar sem stendur á tímamótum.

# An International Competition for Ideas and Concepts on Development of the Vatnsmýri

Reykjavik Art Museum
September 9th – October 2nd 2005

Should Reykjavik have the world's largest swimming pool park, a Jacob's ladder, or a canal that stretches from the Music and Conference Hall by the East Harbour, through the central Tjörnin pond, to the Nauthólsvík shore in the south? What should be the symbol of the capital in the new millennium? What kind of transport and planning will we have in the future? What characteristics of Reykjavik do we want to hold on to and develop? What do we appreciate? What do our children say? The younger generation?

This September, Reykjavik City will hold meetings, conferences, and an exhibition in the Reykjavik Art Museum as preparation for an international ideas competition for the development of the Vatnsmyri area of the city. This is a sign of the times. The participation of the public has become an inherent part of the city's development through diverse exchanges of opinions on urban planning. The public's interest and enthusiasm to take part in this development is evident. The Reykjavik Art Museum will use several different means to allow those that wish to express their opinions, values, and dreams for a future city to do so. In addition, it will highlight the city's developmental history and numerous ideas that never came to fruition, so baffling blueprints and cryptic descriptions should not deter anyone from contributing.

The Reykjavik Art Museum has assembled an extensive and interesting exhibition that stimulates, motivates, and educates the viewer. We can see the city from a bird's eye view, listen to the sounds of the city, the symphony of everyday life in a new environment, attempt to create new kinds of streets and neighbourhoods, expand our dream areas, and devote ourselves to breathing space and outdoor areas in this area of future development in the city. This city that now stands at the crossroads.



Samstarf Listasafnsins og skipulags- og byggingarsviðs Reykjavík felur jafnframt í tímamót sem er í rökréttu samhengi við alþjóðlega þróun. Verkefni þar sem mörkin milli sköpunar og lista, skipulags, verkfræði og arkitektúrs verða að engu hafa rutt sértil rúms um allan heim. Leiðirnar sem farnar eru til að fanga framtíðarborgina hafa aldrei verið fleiri. Það er von mín að þessi sýning og samvinna sé aðeins fyrsta verkefnið af mörgum þar sem listir og skipulag leggja saman. Ávöxturinn verður innblástur við mótun borgar nýrra tíma.

Íslendingar eiga í raun einstakt tækifæri fólgið í því að eiga á annað hundrað hektara lands í hjarta höfuðborgarinnar til að skipuleggja framtíðarborgina, búa atvinnulífi framtíðarinnar kjörskilyrði og stuðla að heillavænlegri framtíðarþróun og samkeppnishæfni samfélagsins.

Til að nýta þessi sóknarfæri verður vinnan að skilgreiningu forsendna samkeppninnar óvenjuumfangsmikil og opin. Kallaðir verða til sérfræðingar á sviði arkitektúrs og skipulags, efnt til opinna vinnustofa með þátttöku almennings í Listasafni Reykjavíkur og haldnir fundir með hagsmunaaðilum þar sem rýnt verður sérstaklega í skyldur Reykjavíkur sem höfuðborgar, þarfir atvinnulífs framtíðarinnar, samspil samgangna og íbúabyggðar auk byggingarlistar framtíðarinnar í íslensku samhengi.

Borgaryfirvöld telja verkefnið það mikilvægt og tækifærin svo einstök að hvatt verður til þess að allar helstu stofnanir og fyrirtæki landsins taki þátt og leggi fram sérfræðiþekkingu, hugmyndir eða sjónarmið til umræðunnar. Um leið verður skapaður vettvangur fyrir félög og einstaklinga til að setja fram viðhorf, vangaveltur og framtíðarsýn. Til að halda utan um afrakstur hvoru tveggja verður efnt til nokkurs konar "forleiks" fyrir alþjóðlegu hugmyndasamkeppnina. Forleikurinn verður opinn öllum sem vilja setja fram hugmyndir sínar eða sjónarmið, á hvaða formi sem þeir kjósa. Lykilspurningarnar verða þrjár:

1) Hvernig verður framtíðarborgin?
2) Hvert er verðmæti Vatnsmýrarinnar?
3) Hvernig verður Vatnsmýrin eftir 30 ár?

Gert er ráð fyrir því að uppskeran verði kynnt á sýningunni til að leggja grunn að enn frekari umræðu og gerjun auk þess sem þau verða aðgengileg á vef verkefnisins, Listasafnið hefur lagt sig undir. Framtíðin er á næsta leyti. Nú er það okkar móta borg nýrra tíma.

Dagur B. Eggertsson
Formaður skipulagsráðs Reykjavíkur

---

The collaboration of the Reykjavik Art Museum and the Reykjavik Planning and Building Department is also a turning point in time, which is in logical context to international development. Projects in which the lines between creativity, art, planning, engineering, and architecture disappear, have become quite commonplace all over the world. There have never been as many alternative ways to capture the city of the future. I hope that this exhibition and collaboration will be the first of many projects where art and development come together, the fruit of which will be inspiration for developing a city of tomorrow.

Icelanders have a unique opportunity in having just under two hundred acres of land in the heart of the city in which to develop the future city, create the ideal conditions for the future economy, and to encourage the positive future development and competitiveness of the community.

In order to fully make use of these opportunities, the work towards defining the prerequisites of the competition is unusually extensive and open. The expertise of specialists within architecture and planning will be called upon, there will be open workshops in the Reykjavik Art Museum which will rely on the participation of the public, and there will be meetings with interested parties where the main foci will be on the city's duties as a capital, the needs of the future economy, the interaction of transport, communication and residential areas, and future architecture in an Icelandic context.

The City authorities find this project so important and the opportunities it offers so unique, that they have encouraged all major institutions and companies in the country to participate in it and to contribute their expertise, ideas and views to the discussion. At the same time, there will be a forum for organisatons and individuals to express their views, thoughts and visions. In order to keep track of the findings of each group, there will be a kind of "pre-competition" to the international competition. The pre-competition will be open to all those who wish to present their ideas and views, in any form they choose. There are three key questions:

1) How will the future city be?
2) What is the value of Vatnsmyri?
3) What will Vatnsmyri look like in 30 years?

The results will be presented at the exhibition to lay a foundation for further debate and development, and they will also be available online on the projects website: The future is nigh. It is our job to create a city for tomorrow.

Dagur B. Eggertsson
Chairman, Reykjavik Planning and Building Committee



# 1855 Augnablik í borginni

Í samstarfi við Og Vodafone býðst borgarbúum að láta ljós sitt skína með því að senda mynd- og textaskilaboð í frítt númer, 1855. Skilaboðin birtast á sýningunni og á heimasíðu safnsins og verða innlegg í umræðuna um Reykjavík framtíðarinnar.

Hvernig er Reykjavík á litin?

Hvernig hljómar hún og hverju klæðist hún?

Hvaða áhrif hefur borgin á þig?

# 1855 Moments in the city

In collaboration with OgVodafone you can present your ideas about the city by sending in your own SMS or MMS message through a free phone number, 1855. The messages will appear in the exhibition and on the museum homepage and will be an input into the discussion about the future of Reykjavik.

What is the color of Reykjavík?

How does it sound and what does it wear?

What does the city do for you?

og vodafone



# Flandrað um borgina

Íbúar og gestir Reykjavíkur eru hvattir til að semja sína eigin gönguferð, skila henni inn á safnið eða senda á netfangið ganga@reykjavik.is og deila henni þannig með öðrum. Gestum sýningarinnar býðst síðan að velja sér gönguferð. Göngurnar má nálgast íafgreiðslu Hafnarhússins og á heimasíðu safnsins www.listasafnreykjavikur.is

ganga@reykjavik.is

# Tramping Through the City

Inhabitants and guests in Reykjavik are encouraged to propose their own walks and send to the Museum, through ganga@reykjavik.is, thus sharing their ideas with others. The walks will be available in the Museum or on the website www.listasafnreykjavikur.is.

ganga@reykjavik.is



# Ef ég mætti ráða...

Hugmyndasameppni um skipulag Nauthólsvíkur og nágrennis

Hvernig vilt þú að Nauthólsvík og svæðið þar í kring líti út? Taktu þátt í hugmyndasamkeppni Reykjavíkurborgar um skipulag svæðisins og hafðu áhrif á umhverfi þitt.

Fyrstu verðlaun eru kr. 100.000
Önnur verðlaun eru kr. 75.000
Þriðju verðlaun eru kr. 50.000

Allir á aldrinum 13 til 19 ára geta tekið þátt.

Hvers vegna er keppnin haldin? Fólk á grunn- og menntaskólaaldri notar Nauthólsvík hvað mest. Mikilvægt er að hugmyndir og sjónarmið þessa aldurshóps hafi áhrif á nýtt skipulag svæðisins.

Skoðaðu vefsíðuna reykjavik.is/hugmyndasamkeppni og kynntu þér málið.

Kannski færð þú að ráða....

# If I could decide ...

How would you like the Nauthólsvík area to look? Take part in the Reykjavík City idea competition on the planning of the area and influence your surroundings.

| | |
|---|---|
| First price: | 100.000 iskr |
| Second price: | 75.000 iskr |
| Third price: | 50.000 kr |

Anyone from age 13 trough 19 can participate.

Why is the competition held? The Nauthólsvík area is used more by teenagers than others. It is important that the ideas and beliefs of this age group influence the new planning proposals for the area.

For further information go to the website reykjavik.is/hugmyndasamkeppni

Maybe you will decide ...

